

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

2. tbl. 4. árg. September 2022



Haustfagnaður

Fimmtudaginn 10. nóvember 2022, kl. 12 - 16
Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2

Lífeyrisdeild Sameykis býður upp á haustfagnað fyrir félagsfólk deildarinnar.

Boðið verður upp kalkún og lamb af steikarhlaðborði, Súkkulaðifrauð með ferskum berjum og vanillurjóma og kaffi og konfekt.

Á dagskrá verður: Hundur í óskilum tekur nokkur lög.

Grímur Sigurðsson kemur og spilar á gítar og stjórnar samsöng.

Verð 3.000 kr. á mann

Skráning á vorfagnaðinn er gegnum rafrænt orlofskerfi félagsins á vefsíðunni www.sameyki.is eða á skrifstofu Sameykis, s. 5258330/5258340.

Félagsmenn mega bjóða einum gesti með á fagnaðinn.

Síðasti dagur til að skrá sig er **föstudagurinn 4. nóvember**.



Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu. Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember.

Frestur til að senda inn umsóknir í haust er til 10. nóvember.

Félagsmenn geta fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is eða senda á sameyki@sameyki.is. Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.

Hvetjum félaga til þess að koma!

Gönguklúbbur lífeyrisdeildarinnar gengur af krafti allan veturinn og allir félagar í deildinni eru velkomnir, ásamt gestum.

Göngur eru allra meina bót og ekki skemmir góður félagskapur. Hægt er að fylgjast með göngunum á facebook síðu klúbbsins undir nafninu **Grjótharðir göngugarpar**.

Gönguhópurinn er með gönguferðir frá byrjun september fram í maí.

Hópurinn hittist alla miðvikudaga og gengur saman á milli kl. 10:30-11:30 á fjórum stöðum til skiptis, sem eru:

- 1) Laugardalslaug (anddyri).
- 2) Vesturbæjarlaug / Hofsvallagata.
- 3) Árbæjarsafn, nyrðra bílastæði.
- 4) Skógræktin, Fossvogi (neðan Borgarspítala).

Merktu við miðvikudagana á dagatalinu og komdu með í þægilega hreyfingu í góðum félagskap. Allir velkomnir. Sjá inn á vef Sameykis.is og á facebook síðu gönguklúbbsins.



Orlofshús að vetri



Félagsfólk í Lífeyrisdeild getur sótt um orlofshús, jkjkjkl

Orlofssjóður býður upp á ýmsa kosti fleiri en orlofshús, við hvetjum ykkur til þess að skoða orlofsvefinn á sameyki.is þar eru upplýsingar um gjafabréf í flug, ferðaávísanir, veiðikort og ýmislegt fleira.

Viltu vera með?

Ef þú ert ekki með skráð netfang hjá Sameyki þá hvetjum við þig til þess að hafa samband við skrifstofu Sameykis með því móti færð þú fréttir af félagin með veffréttabréfi.

Við vekjum athygli á því að það þarf að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir lífeyrisdeild (undir um félagið) eða hafa samband við skrifstofu sameyki@sameyki.is eða í síma 525 8330.

Láttu vini og féлага sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig!



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannaðjónustu
Áb.maður: Þórarinn Eyfjörð - Umsjón: Ingibjörg Óskarsdóttir
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330/5258340 - sameyki@sameyki.is

Ertu ekki örugglega vinur okkar á facebook?

